

Föstudagurinn 10. febrúar 2006

Ákvörðun nr. 5/2006

Ólögmaett samráð innan Félags íslenskra hljómlistarmanna vegna útgáfu gjaldskrár fyrir organistadeild félagsins

I.

Efnisatriði og málsmeðferð

1.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til Félags íslenskra hljómlistarmanna (FÍH), dags. 13. janúar 2004, tilkynnti stofnunin FÍH að ákveðið hefði verið að taka til athugunar gerð og birtingu samræmdrar gjaldskrár fyrir organistadeild félagsins (FÍO) vegna hugsanlegra brota á 10., sbr. 12. gr. þágildandi samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með bréfi FÍH, dags. 20. febrúar 2004, svaraði félagið bréfi Samkeppnisstofnunar fyrir hönd organistadeildar félagsins. Í bréfinu kemur m.a. fram að gjaldskráin gildi aðeins um þau störf organista sem ekki er fjallað um í kjarasamningi FÍO og sóknarnefnda Reykjavíkurprófastsdæma frá árinu 1991 og taki þannig aðeins til organleiks utan hefðbundinna guðspjónusta, s.s. vegna giftinga, útfara, skírna og annarra sérathafna. Telur FÍH að jafna beri gjaldskránni til kjarasamnings, en af þeim sökum falli gjaldskráin utan gildissviðs samkeppnislaga.

Eftir yfirferð málgagna og upplýsinga var FÍH kynnt andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins, dags. 23. nóvember 2005, þar sem athugun Samkeppniseftirlitsins á málinu var kynnt í meginatriðum.¹ Var félaginu gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum og skýringum. Helstu niðurstöður andmælaskjalsins voru þær að FÍH hefði með gerð gjaldskrár fyrir FÍO farið gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Var tekið fram í andmælaskjalinu að til álita gæti komið að leggja stjórnvaldssektir á FÍH á grundvelli 37. gr. samkeppnislaga.

Athugasemdir FÍH vegna andmælaskjals Samkeppniseftirlitsins bárust með bréfi, dags. 16. desember 2005. Í athugasemdunum komu að mestu fram sömu

¹ Þann 1. júlí 2005 tóku gildi ný samkeppnislög nr. 44/2005. Með lögunum voru samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun lögð niður, en við hlutverki þeirra tók ný stofnun, Samkeppniseftirlitið. Að auki voru gerðar nokkrar breytingar frá eldri samkeppnislögum. Þær lagagreinar sem þetta mál varðar eru þó óbreyttar að efni til frá því sem gilti samkvæmt eldri lögum. Þá voru settar nýjar reglur um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, en með þeim féllu úr gildi reglur nr. 922/2001 um málsmeðferð samkeppnisyfirvalda.

sjónarmið og áður greinir. Þá var félaginu gefinn kostur á að koma að frekari sjónarmiðum á fundi sem haldinn var í lok janúar s.l. hjá Samkeppniseftirlitinu.

Í 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 segir að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Í samræmi við þetta hafa aðilar þessa máls og Samkeppniseftirlitið gert með sér sátt um niðurstöðu málsins. Í henni felst að málsaðilar fallast á að hlíta þeim fyrirmælum sem fram koma í ákvörðunarorði.

II. Niðurstöður

1.

Gjaldskrá sem hér um ræðir fellur undir gildissvið samkeppnislagna, sbr. 2. gr. samkeppnislaga. Að mati FÍH hefur gjaldskráin sterk tengsl við kjarasamning þann sem í gildi er á milli FÍO og sóknarnefnda Reykjavíkurprófastsdæmis, en af þeim sökum telur félagið að gjaldskráin eigi ekki undir samkeppnislög. Vísar Samkeppniseftirlitið til þess að kjarasamningur byggist á gagnkvæmum viljayfirlýsingum milli tveggja eða fleiri aðila, en gjaldskrá sú sem um er deilt er hins vegar sett einhliða af FÍH án samningsumleitana við atvinnurekanda eða aðra. Hefur það ekki áhrif í þessu sambandi hvernig gjaldskráin er fundin út, þ.e. hvort þóknun á klukkutíma samkvæmt gjaldskránni er ákveðin sem tiltekið brot af mánaðarlaunum ákveðins þreps í kjarasamningi ríkisins og BSRB.

Gjaldskrá sem þessi felur samkvæmt eðli sínu í sér verðsamráð. Með henni er verð hóps keppnauta á tilteknum markaði samstillt. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort litið er á taxta organleikara sem viðmiðunartaxta sem hverjum og einum þeirra er heimilt að víkja frá. Þar sem gjaldskráin er til þess fallin að hafa áhrif á verðlagningu keppnauta, án tillits til þess hvort hún er leiðbeinandi eða bindandi, er hún óheimil, enda grundvöllur samkeppni að keppnautar taki sjálfstæða ákvörðun um verðlagningu vöru sinnar eða þjónustu. Af þessu leiðir að FÍH hefur farið gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga með gerð gjaldskrárinnar.

2. Viðurlög

Samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem fara gegn bannákvæðum laganna nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Tilgangur 37. gr. samkeppnislaga er að varnaðaráhrif sekta stuðli að framkvæmd samkeppnislaga og þar með að aukinni samkeppni. Þá er ákvæðinu ætlað að tryggja að meginreglan verði sú að stjórnvaldssektir verði lagðar á ef brot á bannreglum samkeppnislaga eiga sér stað, en það stuðlar að því að markmið laganna nái fram að ganga.

Í málinu liggur fyrir að FÍH hefur farið gegn 10., sbr. 12. gr. samkeppnislaga með gerð og birtingu gjaldskrár vegna FÍO. Þykir því rétt í máli þessu að beita heimildum 37. gr. samkeppnislaga.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er umfang brots FÍH ekki verulegt. Samkeppnisyfirvöld hafa talið að huglæg afstaða þeirra sem hlut eiga að broti geti skipt máli við mat á fjárhæð sekta. Að mati Samkeppniseftirlitsins eru atvik þessa máls ekki með þeim hætti að huglæg afstaða málsaðila eigi að leiða til hækkunar sekta, enda verður t.d. að telja ljóst að hagnaðarsjónarmið hafi ekki búið að baki umræddu broti FÍH. Þá liggur einnig fyrir í málinu að viðskiptaumhverfi organista er ekki hefðbundið. Fram hefur komið að organistar líta á störf sín sem órjúfanlegan hluta af þeim helgiathöfnum sem fram fara í kirkjum landsins og gjaldskrá þeirra er í nokkrum tengslum við kjarasamning þann sem FÍO hefur gert við sóknarnefndir. Verður í málinu að taka tillit til þessa.

Samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga getur Samkeppniseftirlitið haft hliðsjón af samstarfsvilja hins brotlega við ákvörðun fjárhæðar sektar og hefur verið tekið tillit til þess.

Með vísan til þess sem hér segir telur Samkeppniseftirlitið hæfilegt að leggja 100.000,00 kr. sekt á FÍH vegna brota gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga.

III.

Ákvörðunarorð:

„Félag íslenskra hljómlistarmanna hefur farið gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Með heimild í 37. gr. samkeppnislaga skal Félag íslenskra hljómlistarmanna greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð eitt hundrað þúsund krónur, (kr. 100.000,00).

Sektin skal greiðast í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum eftir dagsetningu þessarar ákvörðunar.“

Samkeppniseftirlitið,

Páll Gunnar Pálsson